

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, VESTMANNAEYJAR

Dagsetning	9.6.2011	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir, Þorsteinn Jóhannsson
Fyrirtæki Sorporkustöð	Bæjarveitur Vestmannaeyja,	Starfsleyfi, gildir til	1.2.2016
Heimilisfang	Eldfellsvegur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	481188-2539	Fulltrúar fyrirtækis	Ólafur Snorrason, Friðrik Björgvinsson, Björgvin Björgvinsson
Isat nr.	38.21.0;38.22.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Meðhöndlun úrgangs, sorp- brennsla og urðun óbrennanlegs úrgang		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar eru tvær athugasemdir og 8 frávik staðfest. Frávikin varða ónógar mengunarvarnir, mengunarefni yfir losunarmörkum í ösku og skolvatni, mengun á geymslusvæði brennslustöðvar, kröfur er varða botnpéttingu og jarðfræðilegan tálma á urðunarstað, urðun á úrgangstegundum sem ekki er heimild fyrir, heimild um árlegt urðunarmagn var yfirstigin, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á bráðamengun hafa ekki borist og starfsleyfistryggingu vantar. Athugasemdirnar varða slæma umgengni og skipulag á geymslusvæði og ábyrgðartryggingu vegna hættu á bráðamengunartjóni.

UMFANG EFTIRLITS

Ákvæði starfsleyfis og reglugerða nr. 738/2003 um urðun úrgangs og nr. 739/2003 um brennslu úrgangs er varða mengunarvarnir vegna vatns og jarðvegs, ábyrgðir og tryggingamál, þ.a.m. ákvæði laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda vegna hættu á bráðamengun. Farið var yfir undanþáguákvæði fyrir eyjur ofan nefndrar reglugerðar 738/2003, sjá gr. 31. ákv. II. Aðstaða og umgengni var skoðuð með forsvarsmönnum rekstraraðila, starfsmönnum Íslenska gámafélagsins og heilbrigðiseftirliti Suðurlands.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Vothreinsibúnaður kallar á endurskoðun starfsleyfis. Bent var á þetta atriði í bréfi Umhverfisstofnunar til rekstraraðila dags. 10.7.2009. Skolvatni hefur verið dælt í borholu á umráðasvæði stöðvarinnar um nokkurt skeið. Við skoðun var borholan stífluð og rann vatn í lækjum á nálægu svæði og nokkrir pollar höfðu myndast. Að endingu hripar vatnið niður í jarðveg enda er lekt jarðlaga á svæðinu mikil. Spurningar vakna um hvort niðurdæld mengunarefni geti borist í nálægar sjóholur fiskvinnslufyrirtækja. Umhverfisstofnun hefur beitt rekstraraðila þvingunum vegna ofanefnds skolvatns en það hefur verið yfir losunarmörkum sem tilgreind eru í reglugerð. Í síðustu sýnatöku frá 18.3. sl. voru blý og díoxín/fúrön yfir losunarmörkum, sjá viðauka IV í reglugerð 739/2003 um brennslu úrgangs.

Frávik frá: Ákvæði 1.8 í starfsleyfi kveður á um endurskoðun starfsleyfis, m.a. ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við, sbr. 20 gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Frávik 2

Ekki hefur verið sýnt fram á að kröfur um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu á urðunarstað séu uppfylltar.

Frávik frá: Lið 3, viðauka I, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, en ákveðnar kröfur um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu á urðunarstað eru gerðar háð tegund urðunarstaðar.

Frávik 3

Á urðunarstað var úrgangur sem ekki er heimild fyrir að urða t.d. málmur og timbur

Frávik frá: Ákvæði 2.20 í starfsleyfi, segir fyrir um hvaða úrgangstegundir er heimilt að urða, þ.a.m. eru ekki endurvinnsluefni eins og málmur og timbur.

Frávik 4

Árið 2010 voru urðuð 1218 tonn úrgangs í Bústaðagryfju.

Frávik frá: Ákvæði. 2.20 í starfsleyfi en urða má allt að 1000 tonn árlega á urðunarstað

Frávik 5

DOC var ekki mælt í öskusýni frá 18.3 sl.

Frávik frá: Grein 2.3.1, viðauka II í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs. Greiningarþættir eru skilgreindir í greininni.

Þá vill Umhverfisstofnun minna á tilmæli stofnunarinnar frá 7.1.2009 um árlega mælingu á glæðitapi úr ösku.

Frávik 6

Nokkuð var af olíumenguðum blettum í jarðvegi á geymslusvæði sorporkustöðvarinnar. M.a. var á svæðinu olíumengaður jarðvegur við gamla spennana. Tekin voru sýni úr jarðvegi við spennana. Þar sem spennar innihéldu PCB áður fyrr vaknar spurning um hvort jarðvegurinn innihaldi nú PCB. Þá fannst rafgeymir í bílflaki, en rafgeyma, o.fl.mengunarefni skal fjarlægja úr bílum áður en þeir fara inn á geymslusvæðið.

Frávik frá: Ákvæði 2.4 í starfsleyfi, en samkvæmt því ber rekstraraðila að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið.

Frávik 7

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar bráðamengunar hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

Frávik frá: Grein 18 í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Rekstraraðilum ákveðinnar starfsemi ber samkv. greininni að gera áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar bráðamengunar þ.a.m. eru rekstraraðilar móttökustöðva sveitarfélaga; sorpurðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar, sjá viðauka IA í lögunum..

Frávik 8:

Starfsleyfistrygging hefur ekki verið send Umhverfisstofnun.

Frávik frá: Grein 17.,reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs en samkv. greininni skal rekstraraðil leggja fram starfsleyfistryggingu.

Athugasemd 1

Nokkuð var af óflokkuðum eða illa flokkuðum úrgangi/geymsluefni á geymslusvæði stöðvarinnar, skipulag og umgengni var ekki nógu góð, en til stóð að gera bragarbót þar á. Gott skipulag, flokkun og snyrtimennska eru veigamiklir þættir í góðri úrgangsstjórnun. Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila til að koma þessum málum í fastan farveg (eftirlit með skipulagi, flokkun o.fl.).

Athugasemd 2

Rekstraraðila ber samkvæmt 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda að taka ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns. Staðfesting um ábyrgðartryggingu Vestmannaeyjarbæjar hefur verið send Umhverfisstofnun, en ekki kemur fram hvort tryggingin gildi fyrir bráðamengunartjón vegna starfsemi sorpbrennslu og urðunarstaðar. Staðfestingu þar um vantar frá tryggingarfélaginu

Önnur atriði:

Við eftirlit var vakin athygli á undanþáguákvæði er gildir fyrir eyjur hér við land, en hægt er að sækja um undanþágu til Umhverfisstofnunar frá starfsleyfistryggingu og kröfum er varða verndun jarðvegs og vatns að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Reykjavík, 20.8.2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.